

Rangárþing ytra  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Suðurlandsvegur 1-3 1-3  
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 4. júní 2015  
UST201505-116/K.S.J.  
10.04.03

**Efni: Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ölversholts 2 í Rangárþingi ytra**


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 15. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ölversholts 2.


Í greinargerð kemur fram að svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til er um 17 ha, og gert er ráð fyrir 6 frístundalóðum innan skipulagsreitsins. Einnig kemur fram að svæðið er grösugt og þar hefur verið stunduð skógrækt um langan tíma.

Á svæðinu eru ekki náttúruminjar á náttúruminjaskrá og ekki náttúruminjar er njóta sérstakrar verndar skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við tillöguna.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur